

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefn
Smiðju, Tjarnargötu 9
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2025

Efni: Umsögn BSRB um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna), mál nr. 430.

BSRB telur þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða til mikilla bóta. Hins vegar hefur BSRB harðlega mótmælt fyrirætlan ríkisstjórnarinnar um að fella niður jöfnunarframlag ríkisins til lífeyrissjóða vegna örorkubyrði. Forsenda þess að BSRB styðji að fyrirbyggjandi frumvarp verði gert að lögum er að jöfnunarframlag ríkisins til lífeyrissjóða verði aftur 0,25% af tryggingagjaldstofni hvers árs vegna örorkubyrði sjóðanna.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, reading 'Sigríður Ingibjörg Ingadóttir'.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur